

# Leynifélagið SKÚMUR





Þessi bók er í 3. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



# Leynifélagið Skúmur

## Samhljóðasambönd 1

ISBN 978-9979-0-2553-5

2003 © Kristín Steinsdóttir

2003 © teikningar Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Fagleg ráðgjöf: Þóra Kristinsdóttir

1. útgáfa 2003

önnur prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnstofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja



veskið  
Óskar  
Skúlína  
fisk  
skyr  
skimar

## Veskið

Óskar bíður við kassann.  
Skúlína er á undan í röðinni.  
Hún er að kaupa fisk og skyr.

Allt í einu rekur hún upp óp.  
– Peningaveskið er horfið!  
Hún skimar í allar áttir.



skellir  
töskunni  
veskið



## Leitin

Skúlína skellir  
töskunni á borðið.

Hún rótar í töskunni  
en finnur ekki veskið.







skil  
skrifa  
skimar

– Ég skil þetta ekki, segir hún.  
Veskið var hér í gær.

– Ég skrifa þetta, Skúlína mín,  
segir Þóra og skimar eftir penna.





skúffan  
taskan  
skúffunni  
töskunni  
skæla

## Skúffan

Óskar fer til Skúlínu.  
Hún býr í næsta húsi.

– Taskan er alltaf í skúffunni,  
og veskið ofan í töskunni,  
segir Skúlína.

Hún er alveg að fara að skæla.






– Veskið er gult með rauðum dúski,  
segir Skúlína.

– Með rauðum dúski? segir Óskar.

– Já, með rauðum dúski.



skátar  
Óskar



## Skátar

Þóra er í búðinni.  
Óskar þekkir Þóru vel.  
Hún er systir Dísu.





skáti  
hyski  
skaða



Óskar og Dísu eru skátar.  
Það er gaman að vera skáti.  
Skátar vinna vel.

Þóra lofar að taka vel eftir öllu.

– Við skulum ná í þetta hyski.  
Það má ekki skaða gamalt fólk,  
segir Þóra.



Skúmur  
rösk  
Skúla  
Gáska  
Vask



## Skúmur

Óskar og Dísa eru rösk.

Þau búa til leynifélag  
með Skúla, Rósu og Óla.

Óli á Gáska og Vask.



Þau sitja bak við gamla skúrinn  
og skrifa lög félagsins.

1. Félagið heitir Skúmur.
2. Nær í þjófa og bófa.



skúrinn  
skrifa  
Skúmur



skráin  
disk



## Skráin

– Læsirðu ekki íbúðinni?  
segir Óskar hissa.

Krakkarnir eru heima hjá Skúlínu.

– Ekki alltaf, segir hún  
og setur disk á borðið.







skráin  
skrána  
skot  
skrúf-járn

Skráin er biluð, segir Skúlína.

– Mamma lagar skrána  
eins og skot, segir Óli.  
Hún á mörg skrúfjárn.





## Skrjóður

Krakkarnir eru á vakt við búðina.

Póra er á vakt inni í búðinni.

Ætli þjófurinn búi í húsinu?



skalla  
skrjóði



Sá sem tók veskið  
vissi að Skúlína læsti ekki.

Allt í einu kemur karl með skalla.  
Hann er á gömlum skrjóði.

Krakkarnir þekkja karlinn.



dúskur  
öskrar



## Dúskur

Við kassann tekur karlinn upp  
gult veski með rauðum dúski.

– Skúlína á þetta veski!  
segir Þóra og kippir í.

Karlinn heldur fast en Þóra öskrar.



skundar  
skrjóðinn  
Gáski  
Vaskur



Karlinn skundar út  
en kemst ekki í skrjóðinn.

Gáski og Vaskur fella karlinn.

Póra kallar á lögguna.  
Skúlína fær veskið  
og allir fara kátir heim.



# Lestu orðin og lærðu þau!

kassann	penna	krakkarnir
allar	þekkir	þekkjja
áttir	vinna	kippir
finnur	öllu	kallar
þetta	hissa	lögguna

peninga-veskið    leyni-félag    skrúf-járn

næsta  
systir  
læsti  
fast  
kemst

hvað  
hver  
hvar  
hvernig  
hverjir

þjófur    þjófurinn



## Til kennara

Sum börn þurfa að fá skipulega æfingu í að lesa samhljóðasambönd í orðum til að ná góðri lestrarleikni. Tilgangur þessa bókaflokks er að vekja lestraráhuga og að þjálfa nemendur í að lesa orð með samhljóðasamböndum. Við gerð þessarar bókar var lögð áhersla á að velja orð með *sk-*, *skr-* og *skrj-* sem eru börnunum kunnug. Einnig var lögð áhersla á að myndefnið styðji vel við textann. Hér að neðan eru nokkrar ábendingar um notkun.

**Forspá/umræður.** Nemendur og kennari ræða um efni bókarinnar út frá titli, kaflaheiti og myndum. Lögð er áhersla á að nota orðin sem koma fyrir í textanum.

**Orðaforði.** Orð, sem barnið skilur e.t.v. ekki, útskrð. Dæmi: skima, skáti, hyski, skaða, skúmur, skrjóður. Samheiti og andheiti fundin.

**Hljóðgreining.** Kennari segir orð, barnið hlustar eftir tilteknu samhljóðasambandi. Hvar er það í orðinu, fremst, inni í orðinu, aftast? Æskilegt er að nota fleiri orð en eru í textanum.

**Orðalestur.** Kennari skrifar samhljóðasambandsorðin á lítil spjöld og æfir nemendur í að lesa þau stök. Auðvelda má lesturinn með því að búa orðin niður í lesbúta. Dæmi: *skú-mur*. Sum börn þurfa e.t.v. æfingu í að lesa líka önnur orð í textanum, sjá orðakassa á bls. 16. Þar eru m.a. orð með tvöföldum samhljóða, samsett orð og orð með öðrum samhljóðasamböndum.

**Lestur.** Sagan lesin. Vakin athygli á spurningum neðst á hverri síðu sem eru ætlaðar til að skerpa athygli og auka lesskilning.

**Ritun.** Nemandi finnur orð í sögunni sem byrja á *sk-*, *skr-*, *skrj-*, orð með *sk* og *skr* í og orð sem enda á *sk*. Venjulega er nóg fyrir barnið að fást við eina opnu bókarinnar í senn. Orðin skrifar barnið í eigin bók og strikar t.d. undir samhljóðasambandið.

**Úrvinnsla.** Barnið velur *sk*-orð til að myndskreyta, finnur *sk*-orð sem eru ekki í bókinni og skrifar þau, merkir t.d. við sniðugasta orðið, erfiðasta orðið o.s.frv.

Á vef Menntamálastofnunar  
eru verkefnablöð með sögunni.

# SMÁBÓK 1

SAMHLJÓÐASAMBÖND

Smábækur Menntamálastofnunar  
eru ætlaðar börnum sem eru  
að læra að lesa.

*Leynifélagið Skúmur* er  
í bókaflökki þar sem áhersla  
er lögð á að æfa orð með  
samhljóðasamböndum.

Í þessari bók eru sérstaklega  
æfð orð með sk, skr og skrj.

Kristín Steinsdóttir  
er höfundur efnis.



Teikningar eru eftir  
Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.



MENNTAMÁLASTOFNUN  
40294